

LANDSRÉTTUR

Úrskurður fimmtudaginn 25. febrúar 2021.

Mál nr. 109/2021:

Héraðssaksóknari

(Finnur Vilhjálmsson saksóknari)

gegn

KPMG ehf.,

KPMG Legal ehf. og

Ágústi Karli Guðmundssyni

(Hilmar Gunnarsson lögmaður)

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómarinn Oddný Mjöll Arnardóttir og Hildur Briem og Skúli Magnússon, settir landsréttardómarar, kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Varnaraðilar skutu málinu til Landsréttar með kæru 22. febrúar 2021 að fengnu kæruleyfi en kærumálgögn bárust réttinum sama dag. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. desember 2020 í málinu nr. R-8036/2020 þar sem fallist var á kröfu sóknaraðila um að varnaraðilum væri skylt að veita sóknaraðila upplýsingar og afhenda gögn varðandi þjónustu sem veitt var Samherja hf., og eftir atvikum dótturfélögum í samstæðu Samherja hf., á árunum 2013 til 2014 eða eftir atvikum lengur vegna gerðar skýrslu eða samantektar fyrir félögin varðandi reglur um milliverðlagningu, að meðtöldum hvers konar tengdum vinnugögnum og samskiptagögnum. Þá var einnig fallist á kröfu sóknaraðila um að varnaraðilunum KPMG ehf. og dótturfélagi þess KPMG Legal ehf., ásamt öllum þeim fyrrverandi eða núverandi starfsmönnum eða eigendum sömu félaga sem kunna að hafa af hálfu félaganna veitt eða átt þátt í að veita þjónustu sem krafa sóknaraðila varðar eða búa yfir upplýsingum varðandi hana, væri skylt að veita sóknaraðila upplýsingar og afhenda gögn varðandi bókhald og reikningsskil félaganna Samherja hf., Samherja Holding ehf. og allra dóttur- eða hlutdeildarféлага sömu félaga á tímabilinu 2011 til 2020, að meðtöldum hvers konar undir- eða frumgögnum og tengdum vinnugögnum og samskiptagögnum. Um kærueimild er vísað til g-liðar 1. mgr. 192. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.
- 2 Sóknaraðili krefst aðallega staðfestingar hins kærða úrskurðar. Til vara krefst hann staðfestingar hins kærða úrskurðar að því er fyrri kröfu hans varðar en breytingar á úrskurðinum að því er seinni kröfu hans varðar þannig að einungis varnaraðilunum KPMG ehf. og dótturfélagi þess KPMG Legal ehf. verði gert skylt að veita upplýsingar og afhenda gögn og í stað þess að ná til „allra dóttur- eða

hlutdeildarfélag“ Samherja hf. og Samherja Holding ehf. verði sú skylda afmörkuð við nánar tilgreind innlend og erlend félög.

- 3 Varnaraðilar krefjast þess aðallega að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi en til vara að hann verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Niðurstaða

- 4 Í greinargerð sóknaraðila eru rakin atriði vegna meðferðar kröfunnar fyrir héraðsdómi. Þar kemur fram að sækjandi málsins hafi sent kröfu sína til vakthafandi dómara sem viðhengi með tölvubréfi 3. desember 2020. Í niðurlagi kröfunnar hafi verið tekið fram að atvik málsins samkvæmt fyrirliggjandi gögnum yrðu nánar reifuð fyrir dóminum við fyrirtöku ef þess yrði óskað. Eftir sendingu kröfunnar hafi dómari haft samband við sækjandann í síma og spurst nánar fyrir um sakamálið og atriði varðandi kröfuna. Eins og þingbók málsins beri með sér hafi síðan farið svo að dómari tók kröfuna fyrir og kvað upp úrskurð án þess að sækjandinn væri kvaddur til fyrirtöku. Í greinargerð lætur sóknaraðili þess getið að hefði hann verið kvaddur til þinghalds hefðu rannsóknargögn verið látin liggja frammi með venjulegum hætti.
- 5 Samkvæmt þingbók héraðsdóms var krafan tekin fyrir „föstudaginn 3. desember 2020“, en upplýst hefur verið að hið rétta sé að þinghaldið hafi farið fram föstudaginn 4. þess mánaðar. Í samræmi við framangreinda lýsingu sóknaraðila ber þingbókin ekki með sér að sótt hafi verið þing af hálfu sóknaraðila og er tekið fram í niðurlagi bókunarinnar að úrskurðurinn sé kveðinn upp „að saksóknara fjarstöddum“. Í þingbók greinir auk þess að dómari hafi fallist á að taka málið fyrir án þess að „varnaraðili“ yrði boðaður til þinghalds, sbr. 1. mgr. 104. gr. laga nr. 88/2008.
- 6 Sú málsmeðferð héraðsdóms að boða ekki sóknaraðila til þinghalds var í andstöðu við fyrirmæli 1. mgr. 104. gr. laga nr. 88/2008 um að sá sem geri kröfu um rannsóknaraðgerð skuli boðaður til þinghalds, svo og ákvæði 3. mgr. greinarinnar á þá leið að mæti hann ekki í þinghaldið skuli fella málið niður. Það athugast að af þingbók og gögnum málsins er ekki að sjá að neytt hafi verið heimildar til þess að halda þinghaldið í fjarfundi, sbr. 2. mgr. ákvæðis X til bráðabirgða í lögum nr. 88/2008, sbr. 5. gr. laga nr. 32/2020 og 2. gr. laga nr. 121/2020.
- 7 Í úrskurði Landsréttar 28. janúar 2021 í máli nr. 42/2021 var fjallað um sama úrskurð héraðsdóms og hér er til umfjöllunar en þar var Samherja hf. og Samherja Holding ehf. talin breyta heimild til að kæra úrskurðinn til Landsréttar. Í því máli var upplýst, og hefur það verið staðfest að nýju hér fyrir rétti, að rannsóknargögn lágu ekki frammi við fyrirtöku málsins en samkvæmt 1. mgr. 103. gr. laga nr. 88/2008 skulu kröfu fylgja þau gögn sem hún styðst við. Lágu því ekki fyrir héraðsdómi nauðsynleg gögn til að tekin yrði afstaða til kröfu sóknaraðila og hefði héraðsdómara verið rétt að krefja sóknaraðila um þessi gögn áður en hann tók kröfuna til úrskurðar, í því skyni að ganga úr skugga um hvort lagaskilyrði væru uppfyllt.

- 8 Samkvæmt framanrituðu var meðferð málsins í héraði svo áfátt að óhjákvæmilegt er að ómerkja hinn kærða úrskurð og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til meðferðar að nýju.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Rétt endurrit staðfestir

25.2.2021

